Sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarval:



Jón Arason og synir hans.



Morgun lífsins vel þekktur Kjarvalsmi.

Nýir strengir í list-hörpu Kjarvals

Um þessar mundir stendur yfir á Kjarvalsstöðum, sýning á myndum Jóhannesar Kjarval. Þetta eru 51 mynd, sem allar eru í eigu einstaklinga og fyrirtækja, en auk þess eru tvær myndanna í eigu Reykjavíkurborgar.

Sýningarnefndin sem valdi þessar myndir, hefur unnið gott verk, því ekki mun auðhlaupið að því að setja upp heilsteypta sýningu af þessu tagi.

Á hinn bóginn vekur þessi sýning mann til umhugsunar um það, hvort ekki eigi að halda áfram á sömu braut, og kynna istaverk meistarans, sem mörg hver hafa aldrei verið á sýningum en geymst hafa á heimilum um allt land, og því einungis verið augnayndi þröngs hóps fjölskyldu og kunningja.

Að vísu getur reynzt erfitt að finna þessar myndir en þó munu allmargar fjölskyldur eiga að minnsta kosti einn eða tvo Kjarvala á veggjum sínum.

Þessi sýning sem nú er í gangi mun verða opin til ágústloka frá klukkan 16 til 22 og um helgar frá klukkan 14 til 22. Á mánudögum er safnið lokað.

Þeir sem völdu myndirnar á þessa sýningu eru þeir Alfreð Guðmundsson forstöðumaður Kjarvalsstaða, Guðmundur Benediktsson myndhöggvari og Jóhannes Jóhannesson listmálari.

Í sýningarskrá segir Birgir Ísl. Gunnarsson á þessa leið um sýninguna og aðrar sýningar á verkum meistarans á Kjarvalsstöðum:


Frá því að Kjarvalsstaðir tóku til starfa árið 1973 hafa verið haldnar í húsinu nokkrar sýningar á myndum Jóhannesar S. Kjarvals, enda að því stefnt, að eystri salur hússins skyldi sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum hans. Stundum hefur þó salurinn verið tekinn til annarra sýninga þannig að sýningar á myndum Kjarvals hafa ekki verið óslitið hér í húsinu.

Nú er opnuð hér ný sýning á myndum Kjarvals. Safnað hefur verið saman myndum sem allar eru í einkaeign, að undanteknum tveim stærstu myndunum sem eru eign borgarinnar. Fæstar þessar myndir hafa áður verið sýndar opinberlega á sýninguog því er mikill fengur að því að borgarbúar og aðrir sem hingað eiga leið sína fái tækifæri til að kynnast þeim. Myndirnar spanna yfir langt tímabil. Sú elzta er frá árinu 1917, en sú yngsta frá árinu 1968, en það ár fór Kjarval á sjúkrahús og átti þaðan ekki aftur kvæmt. Málaði hann ekkert eftir það. Að vísu eru allmiklar eyður í sýningunni þ.e. ákveðin tímabil vantar, en tilgangurinn er fyrst og fremst að kynna sýnishorn af hinni ótrúlega fjölbreyttu list Kjarvals. Fræðilegt yfirlit yfir hin einstöku tímabil í listferli


Framhald á bls. 10.



Jóhannes Sveinsson Kjarval. Myndina tók Jón Kaldal árið 1935.



Ofurlítil dugga



Sýningarnefndin: Jóhannes, Alfreð og Guðmundur.